



17. maí 2024


14-17 ma.kr. útflutningstekjur hafa tapast vegna raforkuskerðingar Landsvirkjunar

Stjórnendur fyrirtækja í orkusæknum iðnaði telja að 14-17 ma.kr. útflutningstekjur þjóðarbúsins hafi tapast á fyrstu mánuðum þessa árs vegna skerðingar Landsvirkjunar á raforku en slakur vatnsbúskapur leiddi til þess að fyrirtækið gat ekki framleitt nægilega raforku. Áhrif á útflutningstekjur í ár verða enn meiri ef grípa þarf til skerðinga næsta vetur, eins og útlit er fyrir. Tapaðar útflutningstekjur vegna skerðinganna eru 3,7%-4,5% af útflutningstekjum orkusækisins iðnaðar á síðasta ári. Ef miðað er við efri mörk matsins er það tæplega 5% af útflutningi sjávarafurða á síðasta ári og tæplega helmingur þess sem loðnuvertíðin skilaði í fyrra. Einnig samsvarar tapið tæplega 3% af tekjum af erlendum ferðamönnum á síðasta ári.

Mest er tapið hjá álverunum en þar er það metið 9-10 ma.kr. Það er um 2,8%-3,1% af útflutningstekjum áliðnaðarins á síðastliðnu ári. Skerðingarnar hafa bein áhrif til lækkunar tekna en einnig óbein vegna áhrifa þeirra á viðskiptasamninga. Þessu til viðbótar fylgir skerðingunum aukinn kostnaður, m.a. vegna þess að skerðingarnar styttu líftíma fjárfestinga í kerjum. Tapaðar útflutningstekjur gagnavera eru metnar 3-5 ma.kr. Tapaðar útflutningstekjur annars orkusækisins iðnaðar eru metnar 2 ma.kr.

Tapaðar útflutningstekjur vegna raforkuskerðingar Landsvirkjunnar

Janúar 2024 - maí 2024, í milljörðum kr.



Í janúar síðastliðnum gerðu Samtök iðnaðarins viðlíka könnun meðal stjórnenda fyrirtækja í orkusæknum iðnaði. Þá var metið að þjóðarbúið yrði af 8-12 mö.kr. í útflutningstekjur vegna raforkuskerðinga Landsvirkjunar. Ástæða þess að tapið er nú metið hærra er að skerðingarnar hafa staðið í lengri tíma og verið víðtækari en áður. Einnig hefur afurðaverð hækkað.

Raforkuskerðingar Landsvirkjunar hófust undir lok síðastliðins árs. Greip Landsvirkjun þá til skerðinga á afhendingu víkjandi orku til fiskimjölverksmiðja og fiskþurrkana, auk gagnavera. Í janúar var afhending svo skert til fjarvarmaveitna og stórnótenda, þ.e. Elkem, Norðuráls og Rio Tinto. Í febrúar var svo tilkynnt um skerðingar á norður- og austurhluta landsins en þær náðu til álvers Alcoa Fjarðaáls, kísilvers PCC á Bakka og TDK aflþynnuverksmiðjunnar. Þessum skerðingum lauk nú í byrjun maí fyrir utan að fiskimjölverksmiðjur, fiskþurrkanir og gagnaver búa áfram við skerðingar á afhendingu orku. Engin umframraforka er tiltæk þrátt fyrir betra ástand, samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar, og því þurfa þessi fyrirtæki enn að bíða eftir raforku.